Útvarpsráð neitar að sýna mynd frá Kampútseu 8

Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

16.tbl. 28.ágúst - 11.sept. 1979 Sími 28962 Verð kr. 200.

Plata herstöðvaandstæðinga komin út 2

Ríkisspítalarnir:
Verkalýðsblaðið birtir yfirlit yfir niðurskurðinn 4-5

Ríkisspítalarnir: 4 - 5

Hvar á að fækka?



Viðurkennum lögsögu Noregs yfir Jan Mayen

Hvað segja hafréttarfræðingar um Jan Mayen? Það hefur komið fram í fréttum að helsti hafréttarfræðingur Íslands Hans G. Andersen telur efnahagslögsögu umhverfis Jan Mayen alls ekki stangast á við drög þau að hafréttarsáttmála sem liggja fyrir Hafréttarráðstefnu S.Þ. Jan Mayen er ekki aðeins klettadrangi, heldur sjálfstætt vistkerfi.

Helsti hafréttarsérfræðingur Norðmanna Carl August Fleischer hefur í blaðaviðtali í norskum blöðum sagt að það sé ekki vafi á því að Jan

7

Viðtal við starfsmann á Kópavogshæli

„Ekki hægt að skipuleggja vaktir með þessum fyrirhugaða fjölda“

4 - 5

„Enginn sparnaður að fækka á deild 11“

Rætt við Halldóru Lárusdóttur sjúkraliða

Sú deild á Kleppsspítala, sem einna mestum niðurskurði er hótað er sjúkradeild 11. Heimiluð stöðugildi þar eru 14, en raunverulegar stöður hins vegar 20.8. Blaðið hafði samband við Halldóru Lárusdóttur sjúkraliða sem vinnur á deild 11 og bað hana að lýsa aðstæðum á deildinni:

- Hvers konar deild er sjúkradeild 11 Halldóra?

- Deildin er móttökudeild fyrir spítalann, þar sem teknir eru inn þeir sjúklingar sem eru mest veikir. 14 rúm eru á deildinni

og er oft bætt við 2-3 aukarúmum. Að auki eru þar 2-3 dagsjúklingar.

- Hvað eru margir starfsmenn á vakt?

- Það er misjafnt. Flestir eru á morgnana eða 7-10 manns. Á kvöldvakt eru 6, nema um helgar þá

4-5

Ömurleg vinnuaðstaða

við Dráttarbrautina h/f Neskaupstað

Verkalýðsblaðinu barst til eyrna að mikil óánægja væri meðal starfsmanna Dráttarbrautarinnar h/f á Neskaupstað, vegna slæmrar vinnuaðstöðu þar og leiðinlegrar framkomu forráðamanna fyrirtækisins í garð starfsfólksins. M.a. fréttum við að einn verkamannanna á plötuverkstæði Dráttarbrautarinnar, Stefán Björnsson hefði hætt af þessum sökum. Við slógum á þráðinn og hittum fyrir bróður Stefáns, Magna Björnsson.

Magni sagði okkur að þetta væri rétt. Stefán hefði hætt vegna ósamkomulags við verkstjóra og óánægja Stefáns væri ekkert einsdæmi. Flestir hinna 15-20 verkamanna á plötuverkstæðinu væru mjög óánægðir og fleiri mundu líklega hætta fljótlega.

LANGVARANDI SLAGUR

Magni sagði okkur að óánægjan væri ekkert ný. Vinnuaðstaða hefði í fjölmörg ár verið ákaflega slæm þótt margoft hefði verið farið fram á úrbætur, hefði aldrei fengist neitt fram. Magni kvaðst sjálfur hafa unnið þarna í örfáar vikur fyrir 5 árum, en gefist upp vegna hins slæma ástands á vinnustaðnum.

KULDI OG ENGIN LOFTRÆSTING

Magni sagði okkur frá því að í vetur hefði legið nærri verkfalli, þegar hitinn í skemmu plötuverkstæðis hefði farið niður í -4 gráður. Forráðamenn Dráttarbrautarinnar hefðu þá tekið sig til og byrjað að setja saman ofn og hefði verkfalli þá verið frestað. Ýmislegt annað væri í bágbornu ástandi t.d. væri ekkert loftræstikerfi í plötuverkstæðinu.

Magni sagði, að Stefán hefði staðið framarlega í baráttunni fyrir bættri starfsaðstöðu og hefði það farið ákaflega í taugarnar á verkstjóranum, Hrólfi Hraundal, svo og yfirmönnum hans og væri það ástæða þess, að Stefán hefði orðið að hætta.

FYRIRTÆKI ~~ALÞÝÐUBANDALAGSINS~~

Dráttarbrautin h/f er hlutafélag sem standa að tveir aðilar, Síldarvinnslan á Neskaupstað og bæjarfélagið á Neskaupstað, þar sem Alþýðubandalagið ræður lögum og lofum.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

ÁBYRGÐARMAÐUR: Albert Einarsson

Betri kjarasamninga

Það er orðin ríkisstjórninni föst regla að ræna sneið af launum okkar á nokkurra mánaða fresti. Slík er samkennd auðstéttarinnar og A-flokkanna - þannig þjónustar ríkisvaldið stéttina sem það er fulltrúi fyrir.

Meðan flestir eru uppteknir af Jan Mayen-málinu, undirbýr Tómas og co enn eina atlöguna að verkafólki og annarri alþýðu. Laun skulu hækka um tæp 1o% 1.sept. n.k., þrátt fyrir skerta vísitölubót. En því ætla gróðaöflin að mæta með því að hækka söluskatt og vörugjald - kaupmáttarrýrnun upp á 2-4% (skv. útreikn. ASÍ) frá 1.mars s.l. er greinilega ekki nóg!

Og hvað gerir rjóminn af foringjum verkalýðshreyfingarinnar á meðan til þess að undirbúa fjöldann til að taka á móti? Umlar um "tillit til greiðslugetu atvinnuveganna" og heldur lokaða klíkufundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna eru lausir nú í haust og ASÍ-samningar 1.des. n.k. Í BSRB og BHM er komin fram kröfugerð úr efstu stöðum og virðist um margt bitastæð.

TÍMINN ER DÝRMÆTUR

Nú er afar brýnt að hefja undirbúningsstarf innan stéttarfélaga og sambanda að kjarasamningum meðal almennra félagsmanna. Baráttusinnar verða að reyna að virkja fólk til baráttu fyrir meiri áhrifum á kröfugerð, samningsgerð og endanlega samninga. Það verður að láta reyna á lýðræði í verkalýðshreyfingunni og á sérhvern forystumann. Stendur hann með okkur eða á móti?

EIK(m-l) telja eftirfarandi kröfur eða mmálaflokka mikilvægust í samningunum nú - en rétt að taka það fram að leggja ber mismikla áherslu á þau eftir félögum og að aðrar kröfur kunna að vera mikilvægar:

+ Grunnkaupshækkun og óbreytt vísitala.

Lauslega áætlað þá hafa grunnlaun lækkað að kaupmætti um 1o-15% a.m.k. síðan síðustu samningar voru gerðir snemmsumars 1978. Er ekki rétt að fá þetta bætt?

Vísitala sú sem á að mæla verðbreytingar og gefa vísbendingu um verðbætur hefur margoft verið fölsuð með lagasetningu eftir samningana - nú síðast með t.d. viðmiðun við viðskiptakjör. Það er réttlát krafa að upphaflegt vísitölukerfi skv. síðustu samningum sé aftur sett í gildi.

+ Gegn verðhækkunum.

Stanslausar verðhækkanir, sem sumar eru utan við vísitöluómyndina, dynja á fólki. Þegar Vinnuveitendasambandið segir 1oo% launahækkun hafa gefið 1% kaupmáttaraukningu - sýnir það vel að atvinnurekendur fá að velta hverri útgjaldaaukningu beint út í verðlagið til að vernda hagnaðinn. Kröfur um breytingar á söluskatti eða verðstöðvun eru þess vegna stórvægar.

+ Gegn samdrætti, uppsögnum og niðurskurði.

"Sparnaður" ríkis og fyrirtækja felst í fækkun starfsfólks, auknu vinnuálagi o.s. frv. Og slíkt er helst látið bitna á félagsþjónustu, því hún gefur lítið í aðra hönd, sbr. samdráttin á spítölunum. Í sumum félögunum getur baráttan verið afgerandi í samningunum.

+ Meiri stuðning við verkföll og baráttuaðgerðir.

Það er dýrmæt reynsla að eiga í baráttu fyrir brauði og mikilvægt að andstæðingurinn nái ekki að kæfa slíkt eða sundra fólki eftir stöðum, launaflokkum eða með því að skírskota til "tjóns fyrir þjóðarbúið". Laun okkar eru ekki föst upphæð sem við skiptum á milli okkar. Styðjum því með yfirlýsingum, peningum eða á annan hátt alla baráttu sem beinist gegn sameiginlegum andstæðingi.

VIRKJA MARGA GEGN FÁUM

Atvinnurekendur og samvinnumenn þeirra í verkalýðshreyfingunni eru ekki margir. Vinnandi fólk er hins vegar fjölmennur hópur. Þess vegna verður að leggja mesta áherslu á að beita sér fyrir stéttarfélagsfundum og umræðum í félagsblaði sé það til. Auk þess er hægt að halda eigin fundi, skrifa í dagblöðin, beita sér fyrir bindandi samþykktum um ný vinnubrögð samninganefnda og stjórna félaganna eða gefa út dreifirit. Engin allsherjarleiðarvísir er til um hvernig best sé að ná upp aukinn virkni almennu félagsmannanna né um hvernig andstöðu við óhæfa samningsgerð og andstæðingana skuli háttað. Aðstæður í hverju stéttarfélagi eða sambandi ráða miklu þar um.

2o.8. Framkvæmdan. miðstj.

Verkalýðsblaðið hefur fjallað nokkuð um uppsagnir á ríkisspítölunum. Hver eru meginatriði þessa máls, hvað er til ráða? Okkar svör eru þessi:

Það hefur komið fram hjá fólki, sem vinnur á spítölunum og fulltrúum stéttarfélaga þess, að hingað til hefur ekki verið ofráðið á spítalana, ef eitthvað er, hefur mannskap verið haldið í lágmarki. Í þessu ástandi þýðir fækkun ekkert annað en að komið skal í veg fyrir að sjúkir og aldraðir og aðrir þeir sem þarfnast umönnunar á heilbrigðisstofnunum ríkisins, geti fengið nauðsynlega umönnun og þjónustu.

Í öðru lagi sýnir þetta að réttur fólks til vinnu er einskis metinn- þegar yfirboðarar, hvort sem er um að ræða fulltrúa ríkisins eða einkaaðila, telja sig ekki hafa not fyrir vinnuaflið lengur, er fólki fleygt á dyr.

Í þriðja lagi er óvíst, að þessar ráðstafanir leiði til nokkurs sparnaðar. Þær leiða örugglega til aukins vinnuálags hjá því fólki, sem heldur vinnu sinni. En auk þess er mjög trúlegt að þessar ráðstafanir leiði til verulegrar yfirvinnu, vegna þess að starfsfólkið annar ekki einu sinni nauðsynlegustu verkefnum.

Í fjórða lagi sýnir þetta okkur skýrt afstöðu yfirstéttarinnar til mannlífs og réttinda fólks. Það sem ekki gefur af sér beinharðan hagnað, skal vera afskipt, þegar ríkið úthlutar úr sjóðum sínum. Og ef einhvers staðar þarf að skera niður, er það segin saga, að alltaf er ráðist á heilbrigðis- og menntakerfið.

Okkar mat er að það sé mikilvægt að byrja strax að berjast gegn þessu Niðurskurðurinn er hafinn og við skulum ekki bara horfa á hann gerast. Hjá Starfsmannafélaginu Sókn hafa komið fram hugmyndir um samstarf við aðra málsaðila. Við viljum taka undir það. Hvernig væri að byrja baráttuna þannig að komið yrði á samstarfsnefnd með fulltrúum allra stéttarfélaga, sem hlut eiga að máli, einnig lækna og boða til opins fundar um málið? Á þeim fundi mætti víkka samstarfið út og bjóða áhugasömum einstaklingum utan þessarra hópa þátttöku. Þetta er jú mál okkar allra.

Ritnefnd.

Berjumst gegn atvinnuleysisvofunni:

Gegn skertri þjónustu við sjúka

21. ágúst 1979

Áberandi meirihluti ungs fólks

Samtök herstöðvaandstæðinga efndu til mótmælaaðgerða þ.21.ágúst s.l. er ellefu ár voru liðin frá innrás sovéska hersins í Tékkóslóvakíu. Í upphafi var haldinn stuttur fundur við tékkneska sendiráðið - þar sem um 6o manns mættu - síðan var gengið sem leið liggur fram hjá bandarísku sendiráðinu. Fengu sendiráðsmenn þar nokkur vel valin kallvígorð til að hlusta á þegar að gangan, sem fór jafnt og þétt stækkandi, gekk framhjá.

Í Austurstræti var haldinn stuttur fundur með söng og ávarpi. Þaðan lá leiðin að sendiráði Sovétríkjanna þar sem meginfundur dagsins var.

REYNT AÐ TRUFLA FUNDINN

Er að var komið heyrðust miklar vinnuvéladrunur og virtist ekki álitlegt til fundarhalda við sendiráðið sökum hávaða. Við eftirgrennslan kom í ljós að húseigandi gegnt sendiráðinu hafi ráðið til sín menn til að malbika bílastæði. Hafði hann látið hefja verkið klukkan fimm og var það í hámarki þegar að fundurinn skyldi hefjast. Að sögn verkamanna sem unnu hjá húseigandanum þá hafði hann haft mjög ljót orð um væntanleg fundarhöld. Virðast sovéskir eiga sér hauk

Frh. á bls. 7

Verkalýðsblaðið tók tali nokkra þátttakendur í fundinum fyrir utan sovéska sendiráðið. Flestir voru ánægðir með aðgerðirnar í heild þótt nokkuð bæri á slæmu skipulagi. Einn viðmælandi hafði orð á því að sér fyndist réttara að freista þess að ná víðtækari samstöðu um aðgerðir dagsins - jafnvel þótt sleppa þyrfti vígorðum gegn NATO þennan dag. Stuðningurinn við mannréttindabaráttu Tékka og Slóvaka yrði sterkari ef fleiri aðilar fengjust í aðgerðirnar.

Jens Kristján Guðmundsson





Ólafur Hjörtur Sigurðsson (mynd) taldi aðgerðirnar fámennar. Hann er nýkominn að utan og þekkti til svipaðra aðgerða erlendis, og fannst íslenskir stuðningsmenn baráttunnar í Tékkóslóvakíu ekki vera nægilega margir á ferli þennan dag.

Ólafur Hjörtur Sigurðsson (mynd) sagði að sér fyndist að aðdragandinn hafi ekki verið nægilegur. Hefði átt að skrifa meira í blöð um málið og að auki auglýsa sjálfar aðgerðirnar betur.

Vísnavinir: Næsta vísnakvöld 19. september

Það verða sjálfsagt margir óþolinmóðir að bíða svo lengi eftir næsta vísnavinakvöldi á Borginni. Síðast var það haldið 24. júlí og var mjög fjölsótt, og komu margir fram og s

skemmtu.

Miðvikudaginn 19. september verður þekktur sænskur vísnasöngvari á dagskrá meðal annarra. Þeir félagar í Musika Nostra verða þá væntanlega komnir aftur úr langri Norðurlandareisu , þar sem þeir hafa verið að skemmta og hreppa verðlaun. Auk þess verður orðið gefið laust að vanda og nú er bara um að gera að fara að æfa sig og safna kjarki.

Fréttaritari

Plata herstöðva andstæðinga komin út

Loksins er plata herstöðvaandstæðinga komin út (útgáfud. 27.ágúst). Hún heitir "Eitt verð ég að segja þér" og hefur að geyma 11 eiturhress lög og texta eftir ýmsa höfunda. U.þ.b. 25 hljóðfæraleikarar leika og þar er valinn maður í hverju sæti. Sönginn annast Söngsveitin Kjarabót, Karl Sighvatsson, Ragnhildur Gísladóttir, Bergþóra Árnadóttir og Pálmi Gunnarsson. Textarnir eru allir á einhvern hátt liður í baráttunni fyrir frjálsu Íslandi, lausu undan erlendri hersetu.

Sigurður Rúnar Sigurðsson útsetti lögin og stjórnaði upptöku skörulega. Og svo er bara að tryggja sér eintak.

Fréttaritari.

GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM

Lýðræði í verkalýðs-hreyfingunni?

Í 14 tbl. Verkalýðsblaðsins, birtist grein sem heitir "Við viljum raunverulegt lýðræði". Er ekki úr vegi að halda áfram, þar sem þeirri grein sleppti í umræðunni um lýðræðið í verkalýðshreyfingunni.

Verkalýðshreyfingin er vafalaust stærsta fjölda-hreyfingin á Íslandi. Lýðræði þessa mikla lýðveldis okkar hlýtur því að verulegu leyti að endurspegla lýðræðið sem er innan verkalýðshreyfingar-innar í stéttarfélögunum. Þar hljót þó að koma til fram-kvæmda óskir og vilji verka-fólks þessa lands. Þar hlýtur að vera lagt allt kapp á að vinna fyrir hagsmunum alþýðu. Þar, ef ekki annars staðar, hlýtur að ríkja lýðræði. Úr því ekki dugir verkamanni að kjósa "fulltrúa verkalýðsflokka" á þing til að sýna ráðshlut sinn í lýð-ræðinu, þá hlýtur hann alla-vaga að geta komið skoðunum sínum á framfæri í verkalýðs-félaginu og fengið það til að taka upp helstu hagsmunamál stéttar sinnar.

Eða svo heldur maður. En maður heldur líka svo margt sem ekki stenst staðreyndirnar. Verkalýðshreyfingin er að mestu hreyfingarlaus. Forystu-menn ASI koma með yfirlýsingar í fjölmiðla og gera samninga og mótmæla í hægristjórn, þegja þunnu hljóði í vinstri stjórn. Þetta er hin leyfilega hreyfing. En að baki hafa forystumennirnir náttúrulega þúsundir verka-manna, sem hafa rætt málin og sett fram stefnuna í sínum félögum? Ekki satt, verka-maður?

Stjórnin í félaginu þínu setti náttúrulega fram spurninguna um 3% kauphækkun og kaupfrystingu til 1.jan. '8o þannig, að þið sáuð greinilega galla jafnt sem kosti við slíka samninga? Og stjórnin í félaginu skýrði að sjálfsögðu nákvæm-lega hver staða ykkar væri við núverandi efnahagsað-stæður og hvernig félaginu gæti barist sem best fyrir ykkar kjörum? En vitanlega hefur fyrst verið leitað eftir óskum og kröfum ykkar verkamannanna á hinum ýmsu vinnustöðum. Og samnings-uppkastið hefur auðvitað verið byggt á ykkar eigin niður-stöðum, ekki satt? Því þannig vinnur maður í lýð-ræðinu.

Það hefur bara verið undan-tekning sem gerðist í Fram-sókn, og Iðju: Það var tilkynnt að ASI hefði samþykkt 3% grunnkaupshækkun, lesnar þessar 3 málsgreinar sem rúma samninginn og veðið um athuga-semdir. Það var í reynd mikill vottur lýðræðis að beðið var um athugasemdir, áður en gengið var til atkvæða. Í Framsókn hafði ekkert áður verið rætt um væntanlega samninga né leitað eftir óskum og þurftum félagskvenna í því sambandi. Ekki heldur í Iðju eða Dagsbrún . Er það ekki dásamlegt lýðræði, þegar 17 manns í 2000 manna félagi eins og Framsókn geta fest niður svotil ókynnta samninga? Eða er það letin og ómennskan í verkafólki, sem kemur í veg fyrir að það mæti á fundi eða kynni sér samninga? Eða, eins og útvarpsþættirnir " Á vinnu-markaðnum" gáfu í skyn: áhuga-leysi um eigin hagsmunamál og yfirvinnuálag?

Ætli við vitum það ekki, verkamenn, að víst verður maður þreyttur af 10-14 stunda vinnu dag hvern, við hvers konar akkorðs og bónus-kerfi. Og við neyðumst líka til að viðurkenna að við erum ekki nógu harðgerð í báráttunni í dag. Og víst er það okkar hlutverk og einungis okkar sjálfra, að breyta þessu ástandi, að hefja baráttu fyrir eigin hagsmunum.

Því ef við leitum orsakanna að deyfðinni í verkalýðshreyfingunni, sjáum við að stefna verkalýðs-forystunnar, undir stjórn ASÍ, er grundvallaratriði. Það er ASÍ sem ræður stefnunni og tekur ákvarðanir. Síðan samþykkja forystumenn lands-sambanda og einstaka félaga ákvarðanir ASÍ. Síðast er verkafólki vinsamlega tilkynnt að þessi og þessi ákvörðun hafi verið tekin varðandi ágreiningsmál og jafnvel farið fram á að það sé samþykkt af verkafólkinu. Það er þó ekki óþekkt fyrir-brigði, að alveg sé sleppt að fara fram á nokkurs konar skoðana-íhlutun verkafólks.

Okkur er ekki ætluð virk þátttaka - við eigum einungis að samþykkja störf ASÍ. Og ASÍ þarfnast ekki upplýsinga frá okkur. Það nægir líklega að tala við atvinnurekendurna um ástandið á vinnustöðunum, eða hvað?

Undirritaður hefur komist yfir bréf; gagnrýni sem nokkrar félagskonur í vkv.fél. Framsókn sendu stjórn sinni og ASI 14.4.'79. Gagnrýna þær þar stjórn félagsins fyrir að koma í veg fyrir lýðræði innan félagsins og spyrja miðstjórn ASI hvort slíkt sé í samþykki hennar.

Þannig er að á starfs-tímabilinu '78- '79 þegar samningar losnuðu 1.des. '78 og ráðist var almennt harka-lega á kjör verkafólks, þá var ekki einn einasti fundur haldinn milli aðalfunda í vkf. Framsókn. Lámarksfjöldi félagsfunda á að vera 4. Félags-konur voru á engan hátt spurðar álits um stöðu sína eða beðnar um kröfur til samningsgerðar. Stjórnin auglýsti eftir framboðslistum til allsherjarkosningar til stjórnar, vel vitandi (skyldi ætlað) að engin virkni er í félaginu, sem og að lög vkf. Framsóknar gera ráð fyrir að stjórn sé kosin með til-nefningu Á AÐALFUNDINUM SJÁLFUM.

En stjórnin hvorki bar fram lagarbreytingartillögu né bað um leyfi félagskvenna fyrir breytingunum, heldur skrifaði einfaldlega mið-stjórn ASÍ og bað um leyfi! Svo einfalt er það að brjóta lög, heðir og lýðræðu í einu verkalýðsfélagi - það er bara fengið "leyfi" frá ASÍ

Í þessu tilviki var leyfið veitt skv. "reglugerð um allsherjaratkvæðagreiðslu við kosningu stjórnar...." ...frá 24.jan.1949,1.gr.p.6...

Svar ASÍ við gagnrýni félagskvenna sagði að ASÍ hefði veitt leyfið skv. gildandi reglum og í öllu farið að þeim. Ekkert var minnst á hvort reglur séu notaðar til að viðhalda lýðræði eður ei.

Og þarna erum við komin inn á verðugt rannsóknarefni: Hvernig er sjálfræði eins verkalýðsfélags farið eftir að það hefur gengið inn í ASÍ ? Hefur verkafólk eitthvað að segja um sín málefni eftir það?

Verða forystumenn félag-anna að ganga inn í eitt báknfunda og ráðstefnuhalds í landssamböndum og nefndum - við og innan ASÍ ? Og er þá kyn þótt tengslin við dag-legu baráttuna rofni? Undirritaður hefur orðið var við óánægju meðal já-kvæðra forystumanna í verka-lýðsfélögunum útaf þessu atriði Það væri verðugt verkefni fyrir Verkalýðsblaðið að athuga innri tengsl verkalýðs-félaganna og ASÍ.

Það er löngu kominn tími til að við rekum af okkur doðann og bætum okkar eigin félög og neyðum forystuna til að sinna baráttukröfum okkar sjálfra'. Þetta er hægt, -sjáum t.d. hverju Sóknarkonur hafa áorkað með því að setja sjálfar fram kröfur og neyða stjórn sína til að sinna þeim.

Af öllu góðu má læra.

Fréttaritari.

Náði fram rétti sínum

Í síðasta tbl. VB var rætt við Guðnýju Oladóttur, sem var sagt upp fyrirvara-laust, en hún vann við afleysingar á Landspítal-anum og hafði verið ráðin til ákveðins tíma.

Blaðið hafði fyrir skömmu aftur samband við Guðnýju og spurði hana hvernig henni hefði gengið að ná fram rétti sínum. Hún kvaðst hafa leitað til Sóknar til að fá aðstoð í málinu og hefði því lyktað þannig, að hún fékk borgaðan tímann, sem hún var ráðin til, og sam-kvæmt samningum Sóknar.

Guðný sagði að það hefði þó ekki gengið þrautar-laust fyrir sig og kvaðst viss um að ef hún hefði ekkert aðhafst, hefði hún sennilega ekki fengið greitt það sem henni bar.

Þessi uppsögn er aðeins eitt dæmi um það hvernig atvinnurekendur telja sig geta ráðskast með og trað-ið á verkafólki, ekki síst þeim, sem eru nýbyrjaðir að vinna og þekkja ekki réttindi sín. Það eina sem getur hindrað þá í því, er áræðni verkafólks-ins sjálfs og barátta þess gegn því að það sé farið með það eins og tuskur.

Kjarasamningar BHM framundan

HVAR ER KAUPHÆKKUNIN?

Skv. upplýsingum ASÍ, sem varla eru oflátnar, þá telst kaupmáttur algengra launa félagsmanna Bandalags háskóla-manna hafa rýrnað um 4% síðan 1.mars s.l. Þar á undan, frá 1.sept. 1978 til 1.mars 1979 er rýrnunin lauslega áætluð 8-1o%.

Þrátt fyrir þessa áætluðu rýrnun hefur samninganefnd BHM ekki lagt fram neinar kauphækkunarkröfur við undir-búning kjarasamninga. Hvers vegna ekki ? Að sögn formanns launamálaráðs, Jóns Hannessonar, er það vegna þess að "ástandið" er óljóst". Skyldi raunveru-legt ástand heita tillitssemi við ríkisstjórn "vinstri" flokkanna ?

Það er réttlát krafa alls þorra launafólks í BHM að ríkisvaldinu séu þegar í stað settar kröfur um 1o-15% hækkun grunnlauna. Þau eru nú á bil-inu 2o9.874 kr/mán. - 377.333 kr./mán. í 2o fyrstu launa-flokkunum 1.þrepi og flest undir framfærslukostnaði fjögurra manna fjölskyldu ef trúa má vísitölu framfærslu-kostnaðar.

BARÁTTAN FYRIR VERKFALLSRÉTTI

Launamenn í BHM hafa ekki verkfallsrétt, heldur eru þeim t.d. dæmd laun ef samkomulag næst ekki við ríkisvaldið. Það gerir Kjaradómur sem er skipaður embættismönnum ríkis-ins að mestu.

Margir launamenn í BHM hafa eru þess fýsandi að taka sér verkfallsrétt og semja við ríkið um hvernig honum skuli háttað. T.d. töldu rúml. 6o% kennara við Mentaskólann við Sund að verkfallsréttur væri nauðsyn í könnun 1978 að því er við höfum fregnað.

Forystumenn BHM hafa bent á ýmsar "tegundir" verkfalls-réttar, sem þeir telja koma til greina. Aðalkjarasamning-ur BHM gildir fyrir öll aðildarfélögin og tekur m.a. til launaupphæða, orlofs ofl. Sérkjarasamningar taka m.a. til niðurröðun manna í fyrr-greinda launaflokka. Ríkis-valdið vill helst "leyfa" verkfallsrétt á aðra hvora samningana og þá með ýmsum varnöglum, svipað og hjá BSRB. Þá er rætt um að samið sé um réttinn gegn því að láta eitthvað af hendi á móti, kauphækkun, æfiráðningu fastra starfsmanna ríkisins ofl.

Framundan eru umræður og könnun í BHM varðandi þessi mál. Um réttustu og bestu stefnu skal ekki fjöl-yrt nú, en lögð á það áhersla að BHM verður að öðlast verk-fallsrétt og að hann má ekki kaupa fyrir kjarabætur. Launamenn BHM verða að vera virkir í umræðunni og könnuninni - sérstaklega allir talsmenn verkfalls-réttar.

EIK(m-l) munu væntanlega leggja fram sinn skerf, m.a. dreifirit til ríkisstarfs-manna.

Fréttaritarar.

Khomeini ræðst á Kúrda

Í Íran hafa atburðir að undanförnu snúist á þann veg, að þjóð-ernisminnihluti Kúrda hefur verið beittur of-sóknum af Khómeiní og hans fylgismönnum. Fréttir af þessu hafa verið heldur óljósar vegna þeirra nýju takmarkana á ferðafrelsi, sem blaðamenn hafa verið beittir. Þó er ljóst að þeir sem berjast segja hvor sitt. Varð-liðar Khómeinís segja að Kúrdar hafi gert upp-reisn gegn íslömskum yfirvöldum í Íran. Tals-menn Kúrda segja hins vegar að allt hafi verið með kyrrum kjörum í Kúrdistan, þar til hermenn Khómeinis komu á vettvang.

Kúrdar eru lítil þjóð. Land þeirra, Kúrdistan, er hluti fjögurra ríkja, Írans, Íraks, Tyrklands, og Sovétríkjanna. Kúrdar hafa um langan aldur barist vopnaðri bar-áttu fyrir frelsi og sjálfstæði Kúrdistan Verkalýðsblaðið mun greina nánar frá Kúrdum í næsta blaði.

STALDRAÐ VIÐ

Hissa varð ég 21.ágúst, að í aðgerðum Samtaka herstöðvaandstæðinga var enginn að selja Verkalýðsblaðið. Hvernig skyldi standa á því? Ég þykist þó viss um, að í þessum aðgerðum voru talsvert margir þeirra eldhuga, sem á undanförnum árum hafa reynt að þröngva þessu ágæta blaði inn á blásaklausa vegfarendur - á götum úti, við brennivínsútsölur, í íbúðarhúsum, í miðbænum og víðar. Þetta olli því, að ég fór að hugsa. Hvað er að þessu blaði? Hvers vegna nær það ekki lengra en raun ber vitni? Víst er okkur sem vinnum við þetta blað ljóst að ýmislegt í því sé slæmt og lélegt. Við höfum meira að segja rætt ástand blaðsins okkar á milli og um daginn héldum við helgarfund frá kl 1o til 19, þar sem við ræddum málefni blaðsins. Við komumst svo sem ekki að neinum merkilegum niðurstöðum, nema þá helst þeirri að við þyrftum að halda þessum umræðum áfram.

HRÆÐSLA VIÐ FÓLK

En hverjir eru helstu gallar blaðsins? Það mætti alveg eins spyrja: - Hverjir eru helstu gallar í starfi og stefnu EIK(m-l)? Innan EIK(m-l) er verið að ræða það. En menn eru helst á því, að EIKarar hafi verið of hræddir við fólk - ekki þorað að tala við það. Þetta kemur fram í Verkalýðsblaðinu á því hvað við höfum staðið okkur illa í því að ná tali af fólki, bæði til að safna okkur upplýsingum og til að birta viðtöl í blaðinu. Þetta sést best á því, að við erum of léleg að selja blaðið.

VANTRAUST Á FÓLKI

EIKarar hafa líklega einnig vantreyst fólki, litið á sjálfa sig sem hina alvitru leiðsögumenn. Við höfum ekki talið okkur þurfa á gagnrýni og leiðsögn alþýðufólks að halda. Þetta kemur m.a. fram í því, að við höfum notað Verkalýðsblaðið sem mötunartæki, við erum alltaf að segja fólki hvað sé rétt og hvað sé rangt.

OFMAT Á FÓLKI

Það er skrítið hvað okkur gengur illa að ná almennilega sambandi við fjöldann. Í viðbót við það sem ég er búinn að nefna, mætti bæta því við að við höfum haft tilhneigingu til að ofmeta alþýðuna, setja hana upp á einhvern stall og sveipa hana gullnu slöri réttlætisins. Kannast einhver við það úr Verkalýðsblaðinu?

Við höfum borið og litla virðingu fyrir fólki t.d. lesendum. Eða hvaða aðra ástæðu er hægt að finna fyrir hundraðsinnum endurteknum hrákavinnubrögðum, kæruleysi og óvandvirkni í blaðinu? Það þarf ekki að tína til dæmin um prentvillur, lélega uppsetningu, slæma vinnslu mynda, hroðvirknislega skrifaðar greinar, óviðeigandi eða enga myndatexta o.s.frv.

ÚR TAKTI VIÐ FÓLK

Einhver nefndi að samtökin væru ansi hreint oft úr takti við það sem væri að gerast. 1.des. í fyrra stóðu EIK(m-l) að hreyfingu um sjálfræði og risaveldi, en á meðan var fólk að hugsa um kjaraskerðingalög ríkisstjórnarinnar 1.des. Verkalýðsblaðið hefur auðvitað fylgt þessu taktleysi fast á hæla. Og nýlegt dæmi um tímaskekkju okkar er greinin um Íran, sem birtist í síðasta tbl. Í því blaði hefði heldur átt að vera efni um Kúrda og árásir trúarleiðtogans Khomeinís á þessa litlu þjóð, sem Íranir o.fl hafa lengi haldið kúgarans hönd yfir.

RANNSÓKNARLEYSI

Eitt er það atriði, sem margir lesendur hafa minnst á við okkur en það er skorturinn á rannsóknum blaðsins. Við gerum okkur vel ljóst, hvað þetta er slæmt. En hér hefur brennt komið til. Í fyrsta lagi erum við og höfum verið of fáliðuð. Í öðru lagi höfum við skipulagt starf okkar of illa. Og í þriðja lagi má segja að okkur hefur ekki verið nógu ljós þörfin fyrir blaðið.

BÆTUM BLAÐIÐ

Ég hugsa að við gætum haldið áfram lengi að telja upp gallana og mistökin. En til hvers erum við að því? Jú, okkur þykir vænt um þetta blað. Við viljum reyna að bæta úr því, sem verr hefur farið til að gera blaðið betra en í dag. Því að í rauninni er nú Verkalýðsblaðið besta blaðið. Og hvers vegna? Jú, vegna þess að það tekur afstöðu með réttlæti, með sósíalisma, með verkafólki. Það getur því ekki verið annað en gaman að fá að taka þátt í að bæta það. Ertu með lesandi? Blaðið má ekki veslast upp úr hor á meðan við erum að bæta það. Þess vegna verðum við líka að standa okkur vel við að selja það.

Finnur.

ORKA OG OLÍA
4-5
Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!
VERKALÝÐS BLAÐIÐ
Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)
Gerum 21. ágúst sem glæsilegastan í ár!
VAR SAGT UPP MEÐ EINS DAGS FYRIRVARA
-Viðtal við Guðnýju

Hvar á að fækka?

Enn hefur ekkert verið birt um það opinberlega hvernig ætlunin sé að framkvæma fyrirhugaðan niðurskurð á ríkisspítulunum. Eins og sagt var frá í síðasta blaði sendi framkvæmdastjóri ríkisspítalanna bréf inn á deildirnar í lok júlí, þar sem boðuð var fækkun starfsfólks niður í heimilaðar stöður á viðkomandi deild að viðbættum 7%. (Þess var ekki getið í bréfinu hvort þessi 7% eiga við hverja deild fyrir sig eða alla heildina, en það skiptir verulegu máli). Samkvæmt bréfinu er ætlunin að stöðva nýráðningar þar til þessu marki er náð.

En hver er þá þessi heimilaði fjöldi? Við hvað er hann miðaður? Og á hverjum mun niðurskurðurinn bitna harðast? Verkalýðsblaðið hefur ákveðið að reyna að leita svara við spurningum á borð við þessar. Í því skyni höfum við aflað okkur heimilda, þar sem heimiluð stöðugildi og raunveruleg stöðugildi á ríkisspítulunum eru tíunduð. Sýnir taflan hér til hliðar heildartölur um það hvernig fyrirhuguð fækkun myndi bitna á hinum einstöku spítulum. Þessar tölur segja þó e.t.v. ekki nema hálfa söguna. Ákveðnar deildir yrðu mjög hart úti og t.d. eru nýjar deildir, sem ekki er heimild fyrir og samkvæmt boðskap framkvæmdastjórans yrði því að loka þeim alveg.

NIÐURSKURÐURINN Á EINSTÖKUM DEILDUM

Ýmsar deildir ríkisspítalanna eru starfræktar með mörgum óheimiliðum stöðum vegna þess að ekki hefur fengist leyfi til að fjölga stöðugildum þrátt fyrir augljósa þörf þeirra fyrir fleira fólk. Sem dæmi um slíkar deildir má nefna:

- Á Landsspítalanum: Rannsóknarstofa í hematologiu (blóðrannsóknir), þar sem ætti að fækka um 13 starfsmenn (47%), endurhæfingardeild, með 9 óheimilaðar stöður (35%) gjörgæsludeild, þar sem eru 10 óheimilaðar stöður (35%), Hátúnsdeild A með 8 óheimilaðar stöður (31%) og bæklunardeild með 7 stöður (28%).
- Á Vífilsstaðaspítala er heil deild Lungnadeild 2 með átta stöðugildum sem er óheimil, þe. það hefur ekki verið veitt leyfi til neinna mannaráðninga á þeirri deild.
- Á Kleppsspítala er ekki mikið um óheimilaðar stöður á þjónustudeildum, nema hvað barnaheimilið þar hefur aðeins eina

„Enginn sparnaður að fækka á deild 11“

Frh. af forsíðu

eru 4-5 á vakt og þarf þá oft að kalla út aukavaktir. Einnig á næturvaktirnar en á þeim eru venjulega 2 en það kemur fyrir að þeir þurfa að vera a.m.k. 4.

- Hvernig eru aðstæðurnar á deildinni?
- Góðar eins og er. Með þeim fjölda starfsfólks sem við höfum núna, auk þess sem bætt er við ef veikindi eru eða sérstaklega erfið tilfelli, gengur starfið yfirleitt vel. Í fyrra vorum við hins vegar alveg að gefast upp vegna þess hve mikið álag var á deildinni. Þá var fundin sú lausn að fjölga starfsfólki upp í það sem nú er og hefur það gefist mjög vel.

Hvaða áhrif hefði fækkun niður í heimilaðar stöður á deildinni að þínu mati?

- Ég vil varla hugsa þá hugsun til enda. Það kæmu upp vandamál, sem við getum ekki valdið. Það eru engar aðrar deildir, sem geta tekið við svona erfiðum sjúklingum. Ef það yrði fækkað þýddi það því óhjákvæmilega fleiri aukavaktir. Það yrði því örugglega engin sparnaður af því að fækka starfsfólki á deild 11.

Ég vil líka benda á það, að hér er fyrst og fremst verið að ráðast á sjúklingana. Þetta þýddi lélegri þjónustu við þá. Og þetta er fólk sem ekki getur farið neitt annað. Við starfsfólkið gætum svo sem fengið vinnu annars staðar ef okkur yrði sparkað eða vinnuaðstaðan yrði óbærileg, en sjúklingarnir hafa ekki í annað hús að venda. Fækkun starfsfólks á deildinni hlyti að þýða að margir mikið veikir sjúklingar kæmust ekki inn á spítalann en yrðu að vera út í bæ.

Kjara

"Það þarf enga sérfræðinga hjá ASÍ til að finna út kaupmáttarskerðingu þá er verður, er vísitala framfærslukostnaðar hækkar um 13.57 en launahækkun verður aðeins 9.17. Mismunurinn er óbætt verðhækkun." Þetta sagði Ásmundur Stefánsson í blaðaviðtali nýlega.

Þriðjungur verðhækkananna er óbættur. Orsakirnar eru m.a. eftirfarandi: Veruleg skerðing verður vegna laga vinstri stjórnarinnar um að tillit skuli tekið til versnandi viðskiptakjara við útreikning vísitölubóta. Olíuverðhækkanirnar hafa einnig verið teknar út úr vísitölunni. Hækkanir vegna áfengis og tóbaks koma ekki inn í myndina og ekki heldur hækkanir, sem eiga rætur sínar að rekja til hækkunar á launalið bóndans í búvöruverði.

Það er hljótt um æðstu menn verkalýðshreyfingarinnar þrátt fyrir þessar kjaraskerðingar. Enda hafa þeir samþykkt kaupbindingu til áramóta, gegn 3% hækkun í júlí.

Það er heldur hlálegt, að skoða þessa stöðu, sem verkalýðshreyfingin er nú í, með

heimilaða stöðu (en stöðugildi þar eru um 10). Rekstur þess virðist því ekki leyfilegur nema með því að nýta stöðugildi annars staðar frá. Sjúkradeildir Kleppsspítala eru hins vegar flestar ofmannaðar að áliti fjárveitingavaldsins.
Má þar nefna: Deild 1 með 5 óheimilaðar stöður (33%) deild 11 með 7 (33%) deild 8 með 5 (38%), Hátúnsdeild 5 með 4 óheimilaðar stöður og Vífilstaðadeild þar sem ætti að fækka um 6 (31%).

- Kópavogshælið yrði illa fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum ef formúlu framkvæmdastjórans verður fylgt. Í apríl sl. voru 10 óheimilaðar stöður á sjúkradeildum 3-4-5 (34%). Á deildum 7-8 og 9 var heimilað að hafa 23 stöðugildi en raunverulega voru þau 42 , þannig að þar ætti þá að fækka um tæpan helming (46%). Á deildum 18-19 og 20 voru 12 óheimilaðar stöður (35%).

VERÐUR ÞETTA FRAMKVÆMT?

Hér að framan hafa verið raktar tölur um yfirvofandi fækkun starfsfólks ríkisspítalanna á nokkrum deildum. Hætt er við því að fyrir ýmsum sé slík upptalning aðeins stærðir og prósentur á blaði sem þeir telji sér lítið koma við að öðru leyti. Fjárveitingavaldið treystir einmitt á það og stefnir markvisst að því að sem flestir hugsi: "Hér verður örugglega ekki fækkað. Það lenda einhverjir aðrir í þessu. Það er best að láta þetta mál alveg afskiptalaust." Í þessu skyni er nú lítið gefið upp um fyrirhugaða framkvæmd niðurskurðarins. Verkalýðsblaðið hefur einnig fengið upplýsingar um að á ýmsum deildum sé látið í veðri vaka að þar verði ekki fækkað, þrátt fyrir að þar séu óheimil stöðugildi. Þannig er reynt að draga úr og sundra allri andstöðu gegn niðurskurðinum því það er erfitt að berjast gegn því, sem er óljóst og maður veit ekki nákvæmlega hvað er.

Framhjá því verður þó ekki komist fyrir stjórn ríkisspítalanna að þar voru 330 óheimilaðar stöður í apríl s.l. Ef 7% frávik er tekið af heildarfjölda stöðugilda eru það um 100 stöður. Þrátt fyrir það stæðu samt eftir a.m.k. 200 stöður, sem stendur til að skera niður á næstu Til að hindra þessar fyrirætlanir þurfa að koma fram einörð mótmæli og samstaða bæðir þeirra sem vinna á þessum stofnunum og alls almennings. Og það er mikilvægt að þessi andstaða komi fram áður en fjárveitingavaldið lætur til skarar skríða fyrir alvöru.

Deildir	Heimiluð stöðugildi	stöðugildi	mismunur
Landsspítalinn þjónustudeildir	350	428	78
Landsspítalinn sjúkradeildir	382	434	52
Kvennadeild Landsspítalans þjónustudeildir	17	32	15
Kvennadeild Landsspítalans sjúkradeildir	90	98	8
Vífilstaðaspítalinn þjónustudeildir	44	51	7
Vífilstaðaspítalinn sjúkradeildir	63	80	17
Kleppsspítalinn þjónustudeildir	110	117	7
Kleppsspítalinn sjúkradeildir	185	216	31
Kópavogshæli þjónustudeildir	49	66	17
Kópavogshæli sjúkradeildir	94	134	40
Aðrar stofnanir ríkisspítala	180	240	60
Samtals	1564	1896	332

(Heimild: Starfsmannaskrá ríkisins 1.ap. 1979)

„Ekki hægt að skipuleggja vaktir með þessum fyrirhugaða fjölda“

Viðtal við starfsmann á Kópavogshæli

Blaðið ræddi einnig við starfsmann á Kópavogshæli Starfsmaður þessi vildi þó ekki að nafn sitt kæmi fram í viðtalinu vegna ótta við gagnráðstafanir af hálfu yfirstjórnar hælisins. Kvaðst hann hafa þá reynslu að þeir sem væru með einhver uppsteyt væru látnir gjalda þess.

- Nú ert þú starfandi á sjúkradeild á Kópavogshæli en á þeim deildum er nú fyrirhugað að fækka starfsfólki um þriðjung. Hvern ig líst þér á þær ráðagerðir?

- Illa. Það liggur ljóst fyrir, að það er alveg lágmarksvinnukraftur núna á þeim deildum sem um er að ræða. Og raunar of fátt á sumum deildunum.

- Er slík fækkun þá yfirleitt möguleg?

- Samkvæmt niðurskurðaráætluninni verða t.d. fjórar samliggjandi sjúkradeildir þar sem eru u.þ.b. 60 vistmenn, með aðeins 27 starfsmönnum, samtals. Það myndi þýða samkvæmt áætluninni 6 starfsmenn á hverri deild og 3 sem skiptust milli deilda eftir þörfum. Þessir starfsmenn myndu að sjálfsögðu ganga vaktir. Það yrði í raun óframkvæmanlegt að skipuleggja vaktir með þessum fyrirhugaða fjölda. Afleiðingin yrði sú að það yrði ekkert hægt að gera fyrir sjúklingana nema sinna nauðsynlegustu líkamsþörfum þeirra.

- Hafa einhverjar fækkanir þegar komið til framkvæmda?

- Það var reynt að fækka þarna í vor. Það var gert þannig að ekki var ráðið í stöður þegar fólk hætti. Reynslan af því varð sú að deildirnar voru reknar með aukavinnu. Sumir starfsmenn voru alveg í tvöfaldri vinnu.

- Hvernig standa þessi mál þá núna?

- Jón Karlsson sálfræðingur og Sævar Halldórsson læknir ræddu við Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra í Heilbrigðisráðuneytinu um aukafjárveitingu fyrir hælið. Hann gaf vilyrði fyrir stuðningi við hana. Út á þessa væntanlegu fjárveitingu hafa þeir síðan ráðið fólk.

- Hefur ekki komið til tals að fjölga stöðugildum?

- Jú, vegna niðurskurðarins varð mikil óánægja meðal starfsfólksins. Á fundi þess í vor var ákveðið að fara í göngu til að mótmæla honum. Þar átti að setja fram ákveðnar kröfur m.a. um fjölgun stöðugilda. Það var skipuð nefnd til að undirbúa gönguna en þessi nefnd rann hins vegar á rassinn með hana. Nefndin fékk upplýsingar um framansögð vilyrði ráðuneytisstjóra og töldu vissir aðilar í nefndinni gönguna þá óþarfa. Nefndin hafði í sjálfu sér ekkert vald til að hætta við gönguna, þar sem hún var aðeins skipuð af starfsmannafundinum sem framkvæmdanefnd. Nú hefur komið í ljós að vonir stjórnenda Kópavogshælis um aukafjárveitingu voru tálvonir einar og það kemur niður á stofnuninni núna hversu linir þeir hafa verið við að fara fram á fjölgun á stöðugildum.

Hvað finnst þér rétt að gera núna?

- Ég vil aðeins ítreka það, sem áður hefur komið fram, að starfsfólk Kópavogshælis er tilbúið til aðgerða ef reynt verður að framkvæma þennan niðurskurð. Það þýðir ekki að ætla sér að láta einhverja hvítflibba embættismenn stjórna Kópavogshæli í trássi við raunveruleikann.

ránið ekki bætt



Það má ýmislegt lesa út úr þessu línuriti um hægri og vinstri stjórn. Á árunum 1972-1974 þegar vinstri stjórnin var við völd fór kaupmáttur launa vaxandi og náði hámarki árið 1974. Þá tók við stjórn Geirs Hallgrímssonar og kjörin tóku að versna. Þau fóru versnandi árin 1975 og 1976 og tóku fyrst að batna með „sólstöðusamningunum" 1977. Af þeim samningum var svo hressilega höggvið, eins og betur sést af hinu línuritinu. Á síðastliðnu ári tók svo við vinstri stjórn að nýju og þá fyrst komst kaupmáttur launa upp í það sem hann var þegar vinstri stjórnin fór frá.
Línuritið sýnir kaupmátt greidds tímakaups, ársmeðaltöl, miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. (1971 = 100).

hliðsjón af yfirlýsingum t.a.m. Þjóðviljans um muninn á hægri og vinstri stjórn.

Fyrr í sumar birti Þjóðviljinn meðfylgjandi línurit og texta.

Við þennan texta má sjálfsagt ýmsu bæta. T.d. má benda á að vorið '74 var vísitalan tekin úr sambandi að frumkvæði þáverandi vinstri stjórnar, vísitölubótum átti að 'fresta". Hægri stjórnin bætti síðan um betur og lét "frestunina" bara halda sér. Kjararánsskriðan hefst því í tíð vinstri stjórnarinnar. Þá má einnig benda á, ef haldið væri áfram með línuritið, fram á árið '79, að línurnar yrðu ekki sérlega góð sönnun fyrir ágæti vinstri stjórnar.

Eitthvað hefur þessi vísindalega niðurstaða Þjóðviljans bögglast fyrir brjóstinu á fólki og það jafnvel vildarmönnum Abl.

Þannig segir Jón Kjartansson, formaður Verkalýðsfélags Vestmannaeyja í viðtali við "Vinnuna" tímarit ASÍ: "Ég verð að segja eins og er, að ég hafði frá upphafi á lofti ákveðna fyrirvara um samstarf þessarra þriggja flokka, því ég var ekki sérlega bjartsýnn á árangurinn. Þessir fyrirvarar standa enn, því þótt menn hafi mikið viljað á sig leggja fyrir þessa ríkisstjórn þá hefur hún brugðist vonum þeim sem launafólk batt við hana.

Það má sennilega segja, að það sé óttinn við það sem á eftir kynni að fylgja, sem hefur komið í veg fyrir að launafólk gæfi þessari ríkisstjórn vænt spark í rassinn."

Runólfur Gíslason, varaformaður félagsins hafði eftirfarandi að segja: "Fyrstu árin, eftir að ég gekk í félagið, var mikil starfsemi. En hún hefur óneitanlega dregist nokkuð saman síðasta árið, eftir að vinstri stjórnin svo nefnda tók við völdum. Mér hefur fundist, að gegnumsneitt sé meira líf í verkalýðsfélögunum undir hægri landsstjórn en vinstri. Þannig komu t.d. febrúarlögin 1978 mjög við kauninn á verkafólki hér í Vestmannaeyjum og þá um leið efldist öll félagsstarfsemi."

Þegar við í EIK(m-l) höfum sett fram svipaða hluti og þetta, höfum við gjarnan fengið í hausinn: "Þetta er bara íhaldsáróður."

En mælum við með hægri stjórn sem valkosti. Nei, við tökum undir með svo mörgu verkafólki og segjum: "Þetta er allt sama tóbakið." En við segjum meira: Sá valkostur,sem vinnandi fólk hefur, er að efla stéttarsamtök sín, gera þau að baráttutækjum. Til að geta það verðum við að taka upp baráttu gegn ólýðræðislegum vinnubrögðum í mörgum stéttarfélögum og hafna leiðsögn þeirra forystumanna, sem ekki gera annað en að svíkja hagsmuni okkar.

Hins vegar þurfum við að byggja upp flokk, sem er ekki eins og hinir, raunverulegan verkalýðsflokk, flokk sem hefur engra hagsmuna að gæta annarra en verkalýðsins og byggir tilvist sína á því að veita leiðsögn í baráttunni gegn auðstéttinni í baráttunni fyrir sósíalismanum.

Ragnar.

ÚTLÖND

THAILAND NÆST Á LISTA HANOI

Eftir að Víetnam, með stuðningi Sovétríkjanna, gerði innrás í Kampútseu, og ein milljón flóttamanna hafði verið hrakin frá Víetnam, er Suðaustur Asía aftur komin í brennidepil heimsviðburða, segir í bandaríska vikublaðinu UNITY. Fleiri ríki þar á slóðum líta með vaxandi áhyggjum á útþenslustefnu Víetnams og eru farin að óttast um eigið sjálfstæði.

Margir halda að Thailand geti orðið næst á lista Hanoi-stjórnar, en hreyfing í Thailandi vinnur að breiðri fylkingu til varnar hugsanlegri innrás Víetnama.

Hvað er það sem gerir Thailand að næsta markmiði sovésk-víetnömsku útþenslunnar?

Thailand er mjög ríkt land af náttúruauðlindum, hrís, korni, teak, gúmmískógum og eir. Í thailenska flóanum eru rík fiskimið, olía og jarðgas og góðar hafnir. Ennfremur er Thailand miðsvæðis í Suðaustur-asíu, og því hernaðarlega mikilvægt fyrir áframhaldandi útþenslu Víetnams.

PÓLITÍSK OG HERNAÐARLEG ÓGNUN

Bæði Hanoi og Moskva hafa aukið pólitíska og hernaðarlega ógnun gagnvart Thailandi. Við mörg tækifæri hafa Sovétríkin boðið Thailandi fjárhagslega og hernaðarlega aðstoð - gegn skilyrðum eðlilega. S.l. vor bauð Sovét Thailandi aðild að COMECON - efnahagsbandalagi Sovétríkjanna og leppríkja þeirra, - en Thailand neitaði. Brjesneff bauð forsætisráðherra Thailands Kriangsak Chamanand til Moskvu, en sá fyrri átti ekki erindi sem erfiði: Kriangsak sagði Brésneff að Thailand "óski ekki eftir tilveru erlends herliðs" í nágrannaríkjunum, (Kampútsea, og Laos). Ennfremur neitaði Kriangsak að viðurkenna leppstjórnina í Phom Penh - höfuðborg Kampútseu. Thailand hefur þau áform að halda sig við óháða utanríkisstefnu.

En einnig Víetnam skapar Thailandi erfiðleika. Thailendingar hafa þurft að taka við hundruð þúsundum flóttamanna, sem flýja undan Víetnömum frá Kampútseu, Laos og Víetnam. Hanoi vonar að flóttafólkið muni skerpa innri deildur Thailend - inga og þar með veikja andstöðuna.

Víetnamar hafa nú um 50.000 hermenn í Laos og 180-200.000 í Kampútseu og er langstærsta hernaðarveldi í Suðaustur-asíu. Við fleiri tækifæri hefur víetnamskt herlið varpað sprengjum á thailensk þorp, og farið yfir landamæri í því yfirskyni að ná í Kampútseumenn sem hafa flúið.

Sovétríkin byggðu nýlega radarstöð fyrir herinn í Batambang í vesturhluta Kampútseu. Í júní 1979 var fjöldi víetnamskra hermanna við landamæri Thailands kominn upp í 50.000 ásamt skriðdrekum og þungum vopnum.

VAXANDI ANDSTAÐA

En andstaðan fer vaxandi í Thailandi. Stjórnvöld, stúdentar, verkamenn og bændur hafa allir fullan hug á því að verja landið og sjálfstæði þess.

CPT - Kommúnistaflokkur Thailands - sem hefur á sínu valdi mörg héruð í landinu, hefur hvatt stjórnvöld til að hætta kommúnistaofsóknum og snúast til varnar fyrir sjálfstæði landsins. Sovétríkin og Víetnam óttast nú CPT. Ekki einungis myndi bylting í Thailandi gera það óháðara öðrum löndum, heldur myndi hún einnig gefa Laotum fordæmi til uppreisnar. Margir Laotar sem lifa í Thailandi hafa góð tengsl við heimaland sitt og fólk.

Alþýða Thailands berst fyrir frelsi

Orðið "Thai" merkir "frjáls", og barátta alþýðu Thailands fyrir frelsi er aldagömul. Thailand var eina landið í Suðausturasíu, sem ekki lenti undir hæl neins nýlenduveldis, þegar Bretar, Hollendingar, Frakkar, Spánverjar, Portúgalar og síðar Bandaríkjamenn stofnuðu nýlendur í þessum heimshluta á 18.,19., og 20. öld.

Í heimsstyrjöldinni síðari var Thailand hernumið af Japönum og á þeim tíma vann neðanjarðarhreyfing gegn fasisma. Upp úr henni var stofnaður Kommúnistaflokkur Thailands, CPT.

Í Víetnamstríðinu tengdust Bandaríkin mjög thailenskum stjórnvöldum og Thailand verður með mikilvægari bækistöðvum USA í öllu stríðinu. En síversnandi kjör vöktu alþýðuna til baráttu og áhrif CPT meðal fólksins uxu stöðugt. Frelsisbarátta Víetnama, Laota og Kampútseumanna urðu hvati fyrir thailenska alþýðu að losa sig undan einræðisstjórn. Upp úr 1976 fara stjórnvöld út í refsiaðgerðir, eftir mótmælaöldu og CPT leggur fyrir alvöru út í vopnaða baráttu, og myndar bandalag við sósíalistaflokk Thailands til að berjast gegn stjórninni og fyrir lýðræði. Baráttan nýtur mikils stuðnings meðal alþýðu og er í stöðugri sókn. Eftir innrás Víetnams í Kampútseu, vinnur CPT að því að mynduð verði samfylking gegn Víetnam og Sovétríkjunum, sem nú ógna Thailandi.

Leiðtogi PLO Yasser Arafat, hitti austurríska kanslarann Brúno Kreisky í síðasta mánuði og eru það fyrstu formlegu tengsl milli PLO og þjóðhöfðingja Evrópuríkis. PLO nýtur nú æ meiri stuðnings í Evrópu og um allan heim.

PLO nýtur vaxandi stuðnings víða um heim meðan:

ÍSRAEL HERÐIR ÁRÁSIR Á PALESTÍNUMENN

Tilraunir í Camp David s.l. haust til að koma á friði í Miðausturlöndum hafa ekki tekist. Samkomulag Egypta og Ísraelsmanna um "sjálfstjórn" Palestínumanna hefur fallið um sjálft sig, þar sem Ísrael hefur ekki aðeins haldið áfram árásum sínum á Palestínumenn heldur líka hert þær, og neitar eftir sem áður að viðurkenna rétt þeirra sem sjálfstæðrar þjóðar.

Yfir sumarið hefur ísraelska stríðsvélin sýnt aukna árásargirni í Líbanon. 3. ágúst réðust síonískir hermenn á búðir Palestínumanna í nánd við Kawkaba, níu mílum innan við líbönsku landamærin. 23. júlí, um hábjartan dag gerðu þeir loftárás á líbönsk þorp. Tugir létu lífið, þ.á.m. konur og börn. Við annað tækifæri réðist ísraelskur fallbyssubátur á hafnarborgina Aadlan, og orsakaði skelfingu og eyðileggingu. Ísraelsk yfirvöld halda áfram að reka Palestínumenn frá heimilum sínum og stofna þar til ísraelskar búsetu. Þannig veitti Knesset, þing Ísraela 35 milljónir bandaríkjadollara til 13 nýrra þorpa á vesturbakka Jordans, Gasasvæðinu og Golanhæðum nýlega.

ÍSRAEL EINANGRAÐ

Afturhaldssöm pólitík Ísraels veldur einangrun þess á alþjóðavettvangi. 20.júlí s.l. samþykkti Öryggisráð S.Þ. að krefjast þess að nýlendustefnunni á herteknu svæðunum yrði hætt, því það stríddi á móti alþjóðalögum.

Fleiri og fleiri vilja taka upp stuðning við PLO. Í s.l. mánuði mættust þeir Yasser Arafat og Brúno Kreisky, forseti Austurríkis. Á sama tíma hitti Farouk Kaddoumi, pólitískur fulltrúi PLO, Jean Francois Poncet, utanríkisráðherra Frakklands og ræddu þeir möguleikana á opinberri heimsókn Arafats til Frakklands. Hans Dietrich Genscher utanríkisráðherra Þýskalands, lýsti því yfir að óhugsandi væri að leysa vandamál miðausturlanda nema að viðurkenna rétt Palestínumanna. PLO nýtur einnig stuðnings nýju stjórnarinnar í Nicaragua. Og loks þann 23. ágúst mun Öryggisráð S.Þ. ræða "rétt (Palestínumanna) til fullrar sjálfstjórnar og sjálfstæðis".

USA Í VANDRÆÐUM

Bandaríkin hafa alltaf stutt síonísku útþenslustefnuna en eru nú komin í töluverð vandræði, bæði vegna þrýstings frá evrópskum löndum og svo frá olíuútflutningsríkjunum, sem vilja sjá fyrir endann á langvarandi baráttu Palestínuþjóðarinnar. Stjórn Carters hefur því séð sig neydda til að ympra á möguleikum á opinberum viðræðum við PLO, og að Bandaríkin myndu mögulega viðurkenna réttindi palestínsku þjóðarinnar.

Á meðan streyma bandarísk hergögn, skriðdrekar, flugvélar og sprengjur til Ísrael, og breytir þar engu þótt USA hafi mótmælt stöðugum árásum á Líbanon sem séu í bága" við bandarísk lög".

SKERFUR LESENDA

Er Verkalýðsblaðið með óþjóðholla stefnu í Jan Mayen málinu?

Mér finnst ég hafa orðið var við að fólk almennt sé lítið hrifið af stefnu ykkar í Jan Mayen málinu. Það er eins og þið séuð með miklu linari og óþjóðhollari stefnu en ýmsir aðrir. Hvernig væri nú að þið gerðuð í stuttu rökstuddu, háværðalausu máli grein fyrir stefnu annarra og sýnduð fram á hvað sé rangt í hverri stefnu?

Jan Mayen áhugamaður

Svar: Þetta lesendabréf barst því miður svo seint, að ekki er hægt að taka það efnislega fyrir í næsta blaði munum við fjalla eitthvað um það sem þú minntist á, svo fremi málið sé áfram á dagskrá.

Ritnefnd

Er stefna EIK(m-l) í verðbólgubaráttunni rétt?

Til þess að geta svarað þessu verða orsakir og eðli verðbólgunnar að vera á hreinu. Viðtekin stefna EIK(m-l) er að verðbólgan sé hagstjórnartæki auðvaldsins og þess vegna sé það í greypar auðvaldsins sem lækningar sé að sækja. Krafan er sú að auðvaldið láti kostnaðarhækkanir (svo sem launahækkanir) ganga á gróðann í stað þess að hækka vöruverð. Ég tel þessa lausn æskilega en um leið óraunhæfa.

Takmörkuð skilgreining á verðbólgunni liti einhvern veginn svona út: Varanlegt ástand þar sem kaupmáttur gjaldmiðils fellur stöðugt. Ég tel að EIK(m-l) þurfi að móta stefnu í verðbólgufárinu en ekki gegn því, af því þeirri einföldu ástæðu að niðurlög hennar verða ekki ráðin nema með uppskurði á þjóðfélagsskipulaginu.



Stefna EIK(m-l) hefur lítið tekið tillit til að verðbólgan er mismikill vinur atvinnurekenda í landinu. Sumir kunna þokkalega við hana, öðrum er hún til óþurftar. Hagsmunaárekstrar meðal atvinnurekenda eru afar mikilvægar móthverfur. Þær segja okkur að auðvaldið sé ekki jafn einsleitt og margur heldur. Veigamikla árekstra er að finna innan einokunarauðvaldsins einnig. Þó eru móthverfur milli einokunarauðvalds og einokunarvana auðvalds mikilvægari.

Til þess að skýra út hvers vegna er mikilvægt að taka þessa hagsmunaárekstra með í reikninginn skal ég taka dæmi. Auðvaldið verslar mjög mikið innbyrðis. Sumir framleiða pakkningar, aðrir vinna hráefni. Vegna sérhæfingar auðvaldsskipulagsins eru atvinnurekendur mjög háðir hver öðrum. Þess vegna veldur hækkað vöruverð á einum stað hækkuðu vöruverði á öðrum stað. Þetta segir okkur að þótt við létum af kaupkröfum okkar er ekkert til sem heitir óbreytt ástand í verðlagi kapitalismans, með öðrum orðum þrátt fyrir frystingu launa þarf enginn að láta sig dreyma um verðstöðvun. "Verðstöðvun" síðasta árs segir okkur talsvert um það, á sama tíma og kaupmáttur launa hefur ekki haldið í horfinu.

Aðstöðumunur okkar og atvinnurekenda í verðbólgufárinu er gerólíkur. Þeir hafa ekki einvörðungu kost á að semja, heldur geta þeir alltaf gripið til hækkunar á vöruverði, auk annarra aðgerða, með tiltölulega lítilli fyrirhöfn.

Okkur ber að standa vörð um hagsmuni alþýðunnar á þann hátt einan sem þjóðskipulagið býður upp á þ.e. með harðri kjarabaráttu.

Verðbólgugrúskari

Áberandi meirihluti

Frh. af bls. 2

í horni þar sem þessi granni þeirra er.

Ekki tókst honum þó að koma í veg fyrir fundinn. Hátalarakerfið reyndist nægilega sterkt og flutti ávarp Ásmundar Ásmundarsonar ásamt ljóðalestri Guðmundar Sæmundssonar ágætlega til fundarmanna - sem voru nú all miklu fleiri en í upphafi aðgerðanna.

UNDIRBÚNINGUR AÐGERÐANNA

Það vakti athygli blaðamanns Verkalýðsblaðsins að meginþorri fundarmanna var ungt fólk - áberandi skortur var á eldra baráttufólki. Undirbúningur aðgerðanna hvíldi einnig á fáum - og ungum herstöðvaandstæðingum. Talsmaður undirbúningshópsins sagði í 15.tbl. Verkalýðsblaðsins að meginvandamál hópsins hefði verið að fá fólk til starfa við undirbúning sem m.a. fólst í dreifingu áróðurs, málun borða o.fl. Vekur það óhjákvæmilega upp þá spurningu hvar eldri árgangar herstöðvaandstæðinga dvelja og hver hugur þeirra sé til baráttu Tékka og Slóvaka.

Lesandi spyr um Íran

Mér finnst nokkur þörf á umræðu um ástandið í Íran, sérstaklega núna eftir að Khomeni virðist ætla að fara á fullu gegn Kúrdum. Ég tel rétt að styðja sjálfstæðisbaráttu Kúrda - og ég er meira en lítið tortryggin á síðustu atburði í Íran undir stjórn klerksins. Hvað segja íslenskir kommúnistar um skerðingu lýðréttinda, sem nú virðist aukast mjög. Ef marka má grein í 15.tbl. Verkalýðsblaðsins (þýdd) þá er mesta hættan erlendis frá í Íran. En getur það réttlætt þær ofsóknir sem nú er beint gegn Kúrdum og ýmsum öðrum hópum?

Svar ritn. við"Írans-bréfi"

Eins og lesandi bendir réttilega á þá er þörf á umræðu um byltinguna í Íran. Greinin sem við þýddum og birtum í 15.tbl. fjallar ekkert um Kúrda og baráttu þeirra en lýsir aftur á móti yfir fullum stuðningi við Khomeni.

Verkalýðsblaðið mun á næstunni flytja efni um Kúrda og baráttu þeirra ásamt greinum um þróunina í Íran. Benda má á það í þessu sambandi að Khomeni lýsti í upphafi yfir stuðningi við sjálfstjórnarkröfur Kúrda.

Jan Mayen

Frh. af forsíðu

Mayen sé norsk eyja og að Noregur geti sett sér efnahagslögsögu umhverfis eyna. Fleischer gerir einnig rétt Íslands all mikinn. Hann segir þróun mála á alþjóðavettvangi vera á þá lund að sú regla að miðlína skipti lögsögum, þar sem þær mætast, sé á undanhaldi. Í auknum mæli sé tillit tekið til hagsmuna þeirra landa sem um ræðir og þá gildi svokölluð sanngirnisregla, þ.e. að það landið sem mestra hagsmuna hefur að gæta heldur sínum hagsmunum, t.d. óskertri efnahagslögsögu og jafnvel ákveðnum rétti innan efnahagslögsögu þess eða þeirra ríkja sem eiga lögsögu að því.

SANNGIRNI OG BEGGJA HAGUR

Í Jan Mayen málinu er það hagur bæði Íslands og Noregs að umhverfis Jan Mayen verði 200 mílna efnahagslögsaga. Með því er hagt að verja stórt og mikilvægt hafsvæði fyrir rányrkju risastórra fiskiskipaflota bæði A-Evrópu og frá EBE. Það er ekkert annað en sanngjarnt að norðmenn ge geri ekki kröfu til þess að miðlínan gildi og þeir viðurkenni fullar íslenskar 200 mílur og að auki rétt Íslendinga til að nytja þá fiskistofna sem eru þeim lífsmikilvægir, enda þótt fiskurinn gangi inn á norska svæðið.

Fyrir alþýðu manna í þeim löndum sem liggja að NAtlandshafi er verndun fiskistofnanna forsenda þess að hún geti haldið áfram að búa á þessum slóðum. Það er því mikið hagsmunamál fyrir alþýðuna í strandhéruðum Noregs, sem byggir atvinnu sína að miklu leyti á fiskveiðum og alþýðuna á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi að rányrkju verði hætt. Fyrsta skrefið í þá átt er að viðurkenna rétt Noregs til 200 mílna efnahagslögsögu við Jan Mayen. Þar með er flotinn sem stundar rányrkju á þessu svæði orðinn minni og baráttan beinst í auknum mæli að útgerðarauðvaldinu í Noregi og á Íslandi.

Í sandauðn tímans - ljóð eftir Sigmund Ernir

í sandauðn tímans
liggja spurul fótspor þín
og spá í áttirnar
í sandauðn tímans
liggja fálát fótspor þín
og feta náttirnar

í sandauðn tímans
liggja þögul þrekverk þín
þrykkt í tilveruna
í sandauðn tímans
liggja sprungin víxlspor þín
spyrnt í óveruna

í sandauðn tímans
sést tálmyrk tilurð þín
tvístíga lífsleiðina

Kristján kvart gerði kröfu til Jan Mayen árið 1632

Saga Jan Mayen sýnir sögulegan rétt Norðmanna

Í umræðunni um Jan Mayen hérlendis hefur oftlega verið höfðað til sögu eyjarinnar. Tilgangurinn hefur einkum miðast við að draga í efa sögulegan rétt Noregs til lögsögu yfir Jan Mayen. Lítið sem ekkert hefur komið fram um sögu eyjarinnar fyrir síðustu aldamót, en þess í stað hamrað á tjaldhælum norðmannsins Jacobsens og afstöðu Jóns Þorlákssonar.

Til þess að geta metið söguna verðum við að líta yfir lengra tímabil en þau 80 ár sem liðin eru af þessari öld og hver svo sem afstaða okkar er í Jan Mayen málinu breytir það ekki rás liðins tíma. Það virðist vera svo að sumir þeir sem ritað hafa um Jan Mayen í dagblöðum hafi einhverjar óskir um að mannkynssagan hefði gerst öðruvísi. Þeir reyna að búa til sögu sem passar við óskir þeirra nú í dag. Það er hollast fyrir okkur að skoða söguna eins og hún gerðist ef við á annað borð erum að nota söguleg rök í þessu máli.

RÉTTUR NOREGS BYGGIR Á SÖGUNNI

Verkalýðsblaðið hefur aflað sér allmikilla gagna um sögu Jan Mayen. Vegna plássleysis getum við því miður ekki rakið söguna hér í blaðinu. Í staðinn munum við reyna að blanda okkur inn í umræðuna á síðum dagblaðanna þar sem von er á betra plássi fyrir svo mikið mál.

Saga Jan Mayen sýnir, svo ekki verður dregið í efa, að ef Jan Mayen á annað borð tengist einhverju ákveðnu landi, þá er Noregur þar í sérflokki. Ennfremur sýnir sagan okkur að Ísland er aðeins í hópi nokkurra annarra landa sem hafa haft stopul afskipti af Jan Mayen í fyrri tíð.

Norðmenn hafa stundað atvinnurekstur í tengslum við eyna frá því á fyrri hluta 19. aldar. Þeir hafa gert út á selveiðar í Vestur ísnum samfleitt í meira en eina öld. Þeir stunduðu refaveiðar í stórum stíl um árabil um og eftir síðustu aldamót.

Sagan segir okkur líka að þegar árið 1632 áttu sér stað samningaviðræður milli Noregs, Danmerkur og Hollands um Jan Mayen. Í þessum viðræðum gerði Kristján 4. Noregskonungur kröfu til eyjarinnar og byggði kröfu sína á því að Jan Mayen hefði sömu stöðu og Grænland. Þá gat Noregur ekki varið réttarstöðu sína á Jan Mayen vegna þess að t.d. hollendingar höfðu þá algera hernaðaryfirburði yfir norðmenn. Noregur hefur aldrei látið kröfuna um lögsögu yfir Jan Mayen falla niður.

ÍSLAND OG REKAVIÐUR

Það er ljóst að þær röksemdir, að Ísland eigi sögulegan rétt til Jan Mayen vegna þess að þangað hafi verið sóttur rekaviður, eru mjög léttvægar. Bæði er hér um að ræða það mikið lítilræði að þess er hvergi getið í almennri sögu Íslands og einnig að alls ekki er um samhangandi nytjar að ræða.

VIÐURKENNUM LÖGSÖGU NOREGS

Að fullyrða að Jan Mayen sé ekki norsk eyja er ekkert annað en óskadraumur um að sagan hefði gerst allt öðruvísi en reyndin er. Að fullyrða að Jan Mayen sé íslensk eyja er vitleysa. Jafnvel Austurríki getur gert jafn sterkt tilkall til Jan Mayen og Ísland.

Fyrir okkur er það farsælast að viðurkenna rétt Noregs til lögsögu yfir Jan Mayen. Sögulegur réttur Noregs er á þurru og viðurkenning á rétti Noregs til að setja upp 200 mílna efnahagslögsögu er forsenda þess að Noregur og Ísland geti gripið í taumana, lokað nógu stóru svæði fyrir rússneskri rányrkju. Baráttan gegn íslenskri og norskri rányrkju verður auðveldari.

Hollenskt málverk frá árinu 1639 sýnir þorpið í Maríu Muss vík á Jan Mayen. Eftir því að dæma er athafnasemin mikil.

Gröf óþekkts Ishafsfara á Jan Mayen. Líklega er þarna grafinn norskur veiðimaður, sem látist hefur af skyrbjúg í vetursetu á eynni. Vetursetumenn voru flestir norskir.

Útvarpsráð neitar að sýna mynd frá Kampútseu

Höfst kl. 12.15.

Á fundi: Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason, Jón Múli Árnason, Markús Örn Antonsson, Tryggvi Þ. Aðalsteinsson, Emil Björnsson, Hinrik Bjarnason, Elínborg Stefánsdóttir, Baldur Hermannsson, Pétur Guðfinnsson.

Þá var skoðaður hluti myndarinnar Kampuchea, Augusti 1978, en hún var gerð af Jan Myrdal fyrir SR. Henni var hafnað, en Tryggvi Þ. Aðalsteinsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Ný sænsk fréttamynd frá Kampútseu.

Stjórn Rauðu khmeranna er fallin, og ma eiga um sárt að binda eftir vargöldina miklu. Það er fyrst nú, að almenningur þorir að leysa frá skjóðunni.

Þýðandi og þulur Óskar Ingimarsson. (Nordvision-Sænska sjónvarpið)

Þannig leit kynning sjónvarpsins út er sænska myndin var sýnd 16. júní s.l. Skýrt kemur fram að forráðamenn dagskrárinnar telja mikla vargöld hafa ríkt í tíð Pol Pots.

Nú þegar að önnur mynd sem gerir margt vafasamt í "vargöld" sjónvarpsins, berst sjónvarpinu þá neitar útvarpsráð að sýna hana. Ekki verður betur séð en að ráðið hafi brotið þau lög sem gilda um útvarpið, einhliða málflutningur er þar bannaður ef marka má lagabókstafinn.

Afstaða útvarpsráðs til fréttaflutnings frá Kampútseu hlýtur að vekja upp nokkrar spurningar. Á fundi ráðsins þ. 17. ágúst s.l. var ákveðið að hafna birtingu á sjónvarpsmynd frá Kampútseu sem var gerð af svíanum Jan Myrdal ásamt fleirum í ágúst 1978.

Forleikur þessa máls er sá að umfjöllun sjónvarpsins um stjórnarfarið í landinu þegar stjórn Pol Pots sat í Phnom Penh hefur verið mjög einhliða. Fyrst var Elín Pálmadóttir fengin til að tjá sig um málið og 16.júní s.l. var sýnd sænsk mynd sem tekin var í kjölfar víetnömsku innrásarinnar. Bæði Elín Pálmadóttir og **sænska myndin gengu** út frá því sem vísu að hin mesta ógnaröld hefði ríkt, hungur, fjöldamorð og vinnuþrælkun var það sem snéri upp á ástandinu.

Þó svo að útvarpsráð hafi ekki eytt miklum tíma í umhugsun um málefni Kampútseu er ekki ólíklegt að einhverjir þar hefðu haft nasasjón af því að önnur frásögn, studd miklu magni upplýsinga frá margskonar fólki, væri til um gang mála fram að innrás Víetnama. Og svo þegar að í hendur ráðsins berst kvikmynd sem hrekur margt af því sem áður var sagt og gefur allt aðra lýsingu en fyrri umfjöllun sjónvarpsins hefði mátt ætla að útvarpsráð tæki slíku í anda útvarpslaganna. En því er ekki að fagna. Útvarpsráð hafnaði mynd Jan Myrdal eins og fyrr segir – og það án þess að hafa fyrir því að velta vöngum að því er séð verður.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort útvarpsráð, eða aðilar innan þess, séu hræddir við að Íslendingar kynnist annarri hlið á stjórn Pol Pots en þeirri sem mest hefur verið útbreidd af fjölmiðlum vesturlanda og austur-Evrópu.

Ennfremur má benda á að með því að birta sænsku myndina sem var gerð eftir innrás Víetnama þá hefur málstaður innrásarliðsins fengið hærra undir höfði en málstaður þeirrar þjóðar sem nú berst fyrir lífi sínu í Kampútseu. Sú mynd var unnin af manni sem hefur opinberlega lýst því yfir að hann líti á Víetnama sem frelsara Kampútseu. Hann fer inn í landið með samþykki hernámsstjórnarinnar og leitar uppi efni sem á að sýna fram á réttmæti innrásarinnar. Myndi ekki heyrast hvellur víða hérlendis ef útvarpsráð tæki til sýninga mynd frá Tékkóslóvakíu sem segði söguna eins og sovéski herinn kysi helst að hafa hana? Og hafnaði síðan að birta mynd sem t.d. andófsmenn hefðu gert! Þessi samanburður er ekki fráleitur. Útvarpsráð hefur tekið upp málstað innrásarliðsins í Kampútseu – því að einu rökin sem Víetnamar hafa komið með eru einmitt í tengslum við hina meintu ógnarstjórn Pol Pots.

Mynd Jan Myrdals gerir þeim erfitt fyrir sem vilja styðja Víetnama og ætti því að vera sjálfsagt innlegg í umræðurnar hérlendis.

1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskr.: – 1750
Til útlands : – 5500
Stuðningsáskr: – 5000

Póstfang: Pósthólf 5186 Reykjavík
Sími : 28962

Skrifstofan Baldursgötu 7A er opin þriðjudaga kl. 17–1

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Landsbókasafnið v/ Hverfisgötu 101 Reykjavík